

Skipulagsbreytingar á fjölskyldusviði

Lagt er til að í framhaldi af færslu málaflokka af frístunda- og menningardeild að stöðu deildastjóra frístunda- og menningardeildar verði lögð niður frá og með 1.júní 2022. Um leið verði nafni deildarinnar breytt úr frístunda- og menningardeild í „frístundaþjónustu“.

Greinagerð

Í vor urðu þær breytingar á frístunda- og menningardeild að málaflokkar menningar-, atvinnu- og ferðaþjónustu ásamt hluta af markaðsmálum fóru yfir á nýja deild undir Stjórnsýslusviði. Við þessa breytingu hefur verkefnastaða deildarinnar breyst verulega og forsendur fyrir endurskoðun á fjölda stöðugilda.

Við þær breytingar að núverandi deildastjóri fer í ný verkefni hjá sveitarfélaginu er lagt upp með að 50% staða deildastjóra frístunda- og menningardeildar verði lögð niður. Deildastjóri frístunda- og forvarna mun um leið taka við forsvari deildarinnar sem fengi í samræmi við önnur deildarheiti á fjölskyldusviði nafnið „Frístundaþjónusta“.

Á deildinni starfa eftir breytingar:

- Deildastjóri frístundaþjónustu
- Lýðheilsu- og forvarnafulltrúi

Kostnaðarleg hagræðing við þessa breytingu er á ársgrundvelli um 7 milljónir króna.